

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 11. júní 2026.

Mál nr. 403/2025:

Íslenska ríkið

(Jóhanna Katrín Magnúsdóttir lögmaður)

gegn

Hótel Keflavík ehf.

(Stefán Geir Þórisson lögmaður)

Lykilorð

Laun. Uppsögn. Uppsagnarfrestur. Lögskýring.

Útdráttur

H ehf. fékk fjárstuðning frá Í á grundvelli laga nr. 50/2020 um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Með ákvörðun Skattsins 15. nóvember 2021 var fjárstuðningurinn endurákvæður vegna launakostnaðar á uppsagnarfresti tveggja uppkominnna dætra eiganda H ehf., þar sem sá kostnaður var ekki talinn styrkhæfur. H ehf. endurgreiddi þann hluta fjárstuðningsins í samræmi við ákvörðun Skattsins og höfðaði í kjölfarið mál á hendur Í til ógildingar á ákvörðuninni og endurgreiðslu stuðningsins. Deildu aðilar einkum um það hvaða skilning bæri að leggja í orðið launakostnað í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/2020 en hugtakið var skilgreint í 4. tölulið 3. gr. laganna. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að hinn umþrætti launakostnaður hafi verið styrkhæfur og tók kröfur H ehf. til greina. Í dómi Landsréttar var meðal annars tekið fram að hvorki í lögnum né lögskýringargögnum væri kveðið á um að slíkur kostnaður vegna tiltekinna launamanna væri undanskilinn. Yrði fallist á þann skýringarkost sem Í teldi réttan yrði að gagnálykta frá skilgreiningu 4. töluliðar 3. gr. laganna en sá lögskýringarkostur fengist ekki staðist gagnvart uppkomnum dætrum eiganda H ehf. Þá var af hálfu Í ekki á því byggt að skort hafi á að öðrum skilyrðum laga nr. 50/2020 væri fullnægt. Var hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Kjartan Bjarni Björgvinsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 28. maí 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí 2025 í málinu nr. E-4879/2024.
- Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti. Til vara krefst áfrýjandi þess að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður.

- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Í málinu greinir aðila einkum á um hvaða skilning eigi að leggja í orðið launakostnað í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/2020 um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, en hugtakið er skilgreint í 4. tölulið 3. gr. laganna. Eins og nánar rakið er í hinum áfrýjaða dómi er tilefni ágreiningsins endurákvörðun á stuðningi áfrýjanda, vegna launakostnaðar á uppsagnarfresti tveggja uppkominnna dætra eiganda stefnda, þar sem sá kostnaður var ekki talinn styrkhæfur samkvæmt lögnum. Með ákvörðun Skattsins 15. nóvember 2021 var fjárstuðningur til stefnda því lækkaður, meðal annars um framangreindan launakostnað á uppsagnarfresti dætranna. Stefndi mun hafa endurgreitt að mestu það sem talið var að félagið hefði fengið ofgreitt, en krefst í málinu ógildingar framangreindrar ákvörðunar Skattsins og endurgreiðslu þess hluta stuðningsins, sem á rætur að rekja til launa til dætranna.
- 5 Meginágreiningur aðila lýtur að því hvaða þýðingu það hafi, að í 4. tölulið 3. gr. laga nr. 50/2020 er launakostnaður skilgreindur einungis með tilvísun til 1. töluliðar 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, en ekki til 2. töluliðar sömu greinar. Í þessu sambandi ber að leggja áherslu á að fyrrgreint ákvæði 4. töluliðar 3. gr. laganna þjónar þeim tilgangi að afmarka efnislega hvers konar endurgjald getur talist launakostnaður í skilningi laganna, en hvorki í lögnum né í lögskýringargögnum er kveðið á um að slíkur kostnaður vegna tiltekinna launamanna sé þar undanskilinn. Yrði fallist á þann skýringarkost sem áfrýjandi telur rétt að leggja til grundvallar, þyrfti að gagnálykta frá skilgreiningu 4. töluliðar 3. gr. laganna, þannig að önnur regla en mælt er fyrir um í 4. gr. laganna eigi við um þá launamenn sem geta fallið undir 2. tölulið 5. gr. laga nr. 45/1987. Með vísan til þeirra röksemda sem teflt er fram í hinum áfrýjaða dómi er staðfest sú ályktun sem þar er dregin um að það fái ekki staðist gagnvart uppkomnum dætrum eiganda stefnda. Því ber að fallast á niðurstöðu héraðsdóms um ógildingu endurákvörðunar ríkisskattstjóra frá 15. nóvember 2021.
- 6 Fyrir dómi hefur ekki verið dregið í efa að dætur eiganda stefnda hafi verið launamenn hjá félaginu í skilningi laganna og að þær hafi á uppsagnarfresti fengið greidd laun á grundvelli ráðningarsamnings, sem efnislega fellur undir hugtakið launakostnað samkvæmt þeim skilningi sem ber að leggja í 4. tölulið 3. gr. laganna samkvæmt framansögðu. Af hálfu áfrýjanda hefur heldur ekki verið á því byggt, að skort hafi á að öðrum skilyrðum laganna sé fullnægt, þannig að stefndi eigi ekki rétt á þeim greiðslum sem inntar voru af hendi í öndverðu vegna launakostnaðar á uppsagnarfresti dætranna. Að þessu gættu ber einnig að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um fjárkröfu stefnda, þar á meðal um vexti og dráttarvexti, sem og um málskostnað.
- 7 Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Landsrétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, íslenska ríkið, greiði stefnda, Hótel Keflavík ehf., 800.000 krónur í málskostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí 2025.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 8. apríl 2025, höfðaði Hótel Keflavík ehf., Vatnsnesvegi 12, Reykjanesbæ, þann 9. september 2024 gegn íslenska ríkinu, Katrínartúni 6 Reykjavík.
- 2 Stefnandi krefst þess að ógilt verði með dómi endurákvörðun ríkisskattstjóra frá 15. nóvember 2021 samkvæmt 4. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 50/2020 um stuðning úr ríkissjóði vegna hluta launakostnaðar þeirra Lilju Karenar Steinþórsdóttur og Unnar Maríu Steinþórsdóttur á uppsagnarfresti þeirra hjá stefnanda og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 4.371.598 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sbr. 8. gr. laga nr. 150/2019 frá 2. desember 2021 til greiðsludags.
- 3 Þá krefst stefnandi málskostnaðar.
- 4 Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Helstu málsatvik

- 5 Stefnandi, sem rekur hótél að Vatnsnesvegi 12, Reykjanesbæ, sótti árið 2020 um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti á grundvelli laga nr. 50/2020, sem tóku gildi í júní 2020. Lögín voru liður í aðgerðum stjórnvalda til að draga úr tjóni vegna faraldurs kórónuveiru og skapa viðspyrnu í kjölfar faraldursins. Lögín fela í sér heimildir fyrir Skattinn til greiðslu á beinum fjárstuðningi úr ríkissjóði til rekstraraðila sem falla undir gildissvið laganna og uppfylla skilyrði þeirra til stuðnings. Með úrræðinu sem felst í lögnum var ætlunin að draga úr líkum á fjöldagjaldþrotum fyrirtækja og styrkja réttindi þeirra launamanna sem sagt var upp störfum vegna faraldursins.
- 6 Opnað var fyrir umsóknir um stuðning vegna hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti 10. júlí 2020. Á grundvelli laganna sótti stefnandi mánaðarlega um stuðningsgreiðslur úr ríkissjóði sbr. 7. gr. laganna, yfir það uppsagnartímabil sem lögín náðu til. Á grundvelli 8. gr. laganna var ákvarðaður fjárstuðningur til stefnanda á tímabilinu samtals 21.687.748 krónur.
- 7 Í kjölfar athugunar hjá Skattinum á því hvort fyrirtæki sem fengu greiðslustyrk á grundvelli laganna hafi uppfyllt skilyrði þess að fá greiddan styrk fékk stefnandi boðunarbréf, dags. 22. febrúar 2021, þar sem boðuð var lækkun stuðningsfjárhæðar vegna uppsagna á þeim grundvelli að launakostnaður í umsóknum stefnanda hefði verið oftalinn, þar sem í launakostnaði hafi verið færður launakostnaður til eiganda stefnanda og tveggja uppkominnna dætra hans, Lilju Karenar og Unnar Maríu. Í bréfinu voru forsendur lækkunar raktar þar sem fram kom að samkvæmt 4. tölul. 3. gr. laga nr. 50/2020 teldist til launakostnaðar hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt 1. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Til launakostnaðar í þessu sambandi teldist því ekki endurgjald samkvæmt 2. tölul. 5. gr. laga nr.

45/1987, þ.e. endurgjald manns, maka hans og barns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá lögaðila samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

- 8 Með ákvörðunarbréfi 15. nóvember 2021 var hinum boðuðu breytingum hrint í framkvæmd þar sem tilkynnt var um endurákvörðun á fjárstuðningi vegna fyrrnefndra starfsmanna. Var heildarfjárhæð stuðnings lækkuð um 6.624.713 krónur eða úr 21.687.748 krónum í 15.063.035 krónur. Greiddi stefnandi 6.355.698 krónur hinn 2. desember 2021 þrátt fyrir að ágreiningur væri um greiðsluskyldu vegna Lilju Karenar og Unnar Maríu. Óumdeilt er að af þeirri fjárhæð voru 1.984.100 krónur endurgreiðsla hluta stuðnings vegna launa Steinþórs Jónssonar, eiganda stefnanda, í uppsagnarfresti, en mismunurinn 4.371.598 krónur endurgreiðsla hluta launa Lilju Karenar og Unnar Maríu í uppsagnarfresti.
- 9 Stefnandi krefst þess að endurákvörðun ríkisskattsjóra frá 15. nóvember 2021 verði ógilt með dómi að því er varðar stuðning vegna launagreiðslna til Lilju Karenar og Unnar Maríu Steinþórsdætra.

Helstu málsástæður stefnanda

- 10 Stefnandi byggir á því að öll skilyrði laga nr. 50/2020 fyrir stuðningi hafi verið uppfyllt.
- 11 Markmið laganna hafi verið að tryggja réttindi launafólks og veita þeim atvinnurekendum stuðning sem horfðu fram á umfangsmikið tekjutap vegna Covid farsóttarinnar og aðgerða sem faraldrinum tengdust. Úrræðinu hafi ekki síst verið ætlað að styðja við fyrirtæki í ferðaþjónustu, sem farið hafi harðast út úr faraldrinum. Í þeirri grein væri alengt að kjarni starfsmanna smærri fyrirtækja byggi á þeirri fjölskyldu sem að rekstrinum standi. Ef ætlunin hafi verið að undanskilja þann hluta launþega slíkra fyrirtækja, hefði úrræðið misst marks fyrir mikinn fjölda ferðaþjónustufyrirtækja.
- 12 Í endurákvörðun ríkisskattsjóra 15. nóvember 2021 sé byggt á þeirri röngu staðhæfingu að fjölskyldutengsl valdi því að launakostnaður falli undir 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, en ekki 1. tölul. ákvæðisins. Hugtakið „fjölskyldutengsl“ komi hins vegar hvergi fyrir í ákvæðinu. Í lögskýringargögnum um frumvarpið sé hvergi minnst á að ætlunin hafi verið að skilja þá launþega út undan sem tengdust eigendum rekstrar fjölskylduböndum.
- 13 Stefnandi hafi fallist á endurákvörðun fjárstuðnings vegna launakostnaðar til eiganda stefnanda. Stefnandi telji hins vegar endurákvörðun á fjárstuðningi vegna launakostnaðar tveggja uppkominna dætra eiganda stefnanda ólögsmæta. Þær hafi verið „launamenn“ í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 50/2020 hjá stefnanda og með jafna stöðu á við aðra launþega sem þar störfuðu. Laun sem þeim voru greidd í uppsagnarfresti á tekjuárinu 2020 hafi verið launakostnaður í skilningi 4. tölul. 3. gr. laga nr. 50/2020. Launagreiðslur til þeirra teljist til launakostnaðar samkvæmt 1. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Dætur eiganda stefnanda falli ekki undir hugtakið börn í skilningi 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, enda hafi þær verið komnar langt yfir barnsaldur þegar umræddur stuðningur var veittur. Hugtakið börn sé skilgreint í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 þannig að þau séu innan við 16 ára gömul og um tekjur þeirra fjallað þar, sbr. m.a. 6. gr., 58. gr., 64. og 81. gr. laganna. Dætrum eiganda stefnanda hafi ekki verið reiknað endurgjald fyrir störf sín í skilningi 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, heldur hafi verið um hefðbundin laun að ræða eins og greidd hafi verið til annarra óskyldra starfsmanna hjá stefnanda.
- 14 Lög nr. 50/2020 hafi innihaldið úrræði til að sporna gegn misnotkun, svo sem að starfsmaður hefði sannanlega verið á launaskrá fyrir þann tíma sem úrræðið kom til og að eigandi hefði ekki mátt greiða arð

í Covid og allt þar til stuðningurinn hefði verið tekjufærður. Slík sjónarmið réttlæti því ekki skilning stefnda í málinu.

- 15 Þá byggir stefnandi á því að hvað sem öðru líður hafi endurákvörðun vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti þeirra Lilju Karenar og Unnar Maríu samkvæmt lögum nr. 50/2020 verið ólögmat og andstæð jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttarins sbr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stefnandi telur að við túlkun laganna verði að líta til ytra samhengis laganna með tilliti til jafnræðis. Verði að líta til þess markmiðs sem hafi legið að baki lagasetningunni og lögfests markmiðsákvæðis í 2. gr. laganna, sem og forsögu og aðdraganda lagasetningarinnar.
- 16 Sömu rök fyrir stuðningi eigi við vegna launþega sem skyldir eru meirihlutaeiganda stefnanda og annarra óskyldra starfsmanna. Við orðskýringu hugtaksins launakostnaður samkvæmt 4. tölul. 3. gr. laga nr. 50/2020 verði að leggja til grundvallar að hún sé í samræmi við markmið og vilja löggjafans við setningu laganna, sem hafi verið að tryggja réttindi launafólks og tryggja atvinnurekendum umfangsmikið tekjutap vegna faraldurs kórónuveiru. Enginn eðlismunur sé í þessum efnum á launagreiðslum til nákominna eða óskyldra starfsmanna. Hvorki lög né lögskýringargögn fjalli um að ætlunin hafi verið að undanskilja launakostnað við rekstur þar sem nákomnir aðilar atvinnurekanda starfa sem launþegar. Markmiðið taki augljóslega til fyrirtækja og launamanna óháð því hvort laun séu greidd eftir 1. eða 2 tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.
- 17 Verði á annað borð talið eitthvað hæft í lögskýringu ríkisskattstjóra á 4. gr. laganna og lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda byggir stefnandi á því að túlka verði ákvæði laga nr. 50/2020 rýmkandi lögskýringu, en engin önnur löggjöf sem sett hafi verið til stuðnings launþegum og fyrirtækjum vegna heimsfaraldurs vegna Covid veirunnar geri greinarmun á því hvort launakostnaður sé vegna starfsmanna sem eru skyldir eigendum fyrirtækjanna eða óskyldir. Virðist því um að ræða vangá löggjafans við setningu laga nr. 50/2020.
- 18 Stefnandi byggir á því að skilningur ríkisskattstjóra við endurákvörðunina 15. nóvember 2021 brjóti ekki bara gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttar, sbr. 11. gr. stjórnarsýslulaganna, heldur fari endurákvörðunin jafnframt gegn eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Öll ákvæði almennra laga sem eigi við í málinu verði að túlka með hliðsjón af því að atvinnurekstur verði að sitja við sama borð hvort heldur starfsmenn eru skyldir eigendum eða ekki og að stjórnvöldum sé óheimilt að skylda þau til að láta af hendi eignir sínar, þ.m.t. fjármuni vegna slíks skyldleika.
- 19 Loks byggir stefnandi á því að á honum hafi verið brotin jafnræðisregla EES-réttar, sbr. lög nr. 2/1993. Jafnræðisreglu EES-réttar megi rekja til 4. gr. EES-samningsins sem hafi lagagildi hér á landi. Stuðningur sá sem veittur var fyrirtækjum vegna Covid heimsfaraldursins hafi í raun falið í sér ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins þrátt fyrir orð athugasemda með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/2020 um hið gagnstæða. Ríkisaðstoðin hafi í eðli sínu falið í sér mismunun verði skilningur ríkisskattstjóra á lögum nr. 50/2020 lagður til grundvallar. Mismununin sé augljós gagnvart starfsmönnum sem eru skyldir meirihlutaeiganda atvinnureksturs. Þá sé mismununin einnig fyrir hendi þegar til þess sé horft að líkur á slíkum skyldleika erlendra starfsmanna séu í raun hverfandi, en eins og kunnugt er starfi mikill fjöldi starfsmanna af erlendum uppruna í ferðamannaíðnaðinum.

- 20 Um sundurliðun kröfugerðar sinnar vísar stefnandi til endurákvörðunar ríkisskattstjóra 15. nóvember 2021. Stefnufjárhæðin nemi stuðningi vegna launa þeirra Lilju Karenar í júní, júlí og ágúst 2020 og Unnar Maríu í júlí, ágúst og september árið 2020 eða samtals 633.000 krónum í 6 mánuði. Þá nemi stefnufjárhæðin stuðningi vegna mótframlags í lífeyrissjóð fyrir sömu mánuði, 68.952 krónur vegna Lilju Karenar, en 77.584 krónur á mánuði fyrir Unni Maríu. Loks sé um að ræða stuðning vegna orlofslauna Lilju Karenar að fjárhæð 69.156 krónur og orlofslauna Unnar Maríu að fjárhæð 64.634 krónur. Samtalan sé stefnufjárhæð málsins, 4.371.598 krónur.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

- 21 Stefndi byggir á því að umsókn stefnanda um fjárstyrk vegna eiganda stefnanda og barna hans hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga nr. 50/2020 og að þær launagreiðslur sem um sé deilt í málinu hafi ekki skapað rétt til styrkgreiðslu.
- 22 Í 4. gr. laganna séu rakin fimm skilyrði stuðnings og í 1. mgr. segi að atvinnurekandi sem uppfyllir öll skilyrðin geti óskað eftir stuðningi úr ríkissjóði vegna greiðslu launakostnaðar á uppsagnarfresti. Að undanskilinni heimild í 5. gr. laganna, til að veita undanþágu frá skilyrði 4. gr. laganna um arðsúthlutun, sé Skattinum ekki heimilað að veita undanþágur frá skilyrðum 4. gr.
- 23 Samkvæmt 6. gr. laga nr. 50/2020 reiknist fjárhæð stuðnings sem hlutfall af launakostnaði launamanns á uppsagnarfresti. Í 3. tölul. 3. gr. segi að launamaður sé hver sá sem vinnur launað starf í annarra þjónustu samkvæmt ráðningarsamningi og í 4. tölul. að til launakostnaðar teljist hvers konar laun og aðrar þóknanir skv. 1. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, ásamt iðgjaldi í lífeyrissjóð, að hámarki 11,6% af iðgjaldsstofni skv. 3. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, og allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt gildandi samningi um viðbótartryggingavernd, sbr. 2. og 9. gr. sömu laga.
- 24 Í orðskýringu á hugtakinu launakostnaður sé þannig vísað til 1. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda sem nái m.a. yfir endurgjald fyrir hvers konar vinnu launamanna. Um launagreiðslur til eigenda fyrirtækja, maka hans og barna vegna vinnu við eigin atvinnurekstur o.fl. sé aftur á móti fjallað í 2. tölul. 5. gr. sömu laga.
- 25 Samkvæmt framangreindu skapi þær launagreiðslur sem falla undir 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987 ekki rétt til greiðslna samkvæmt skýru orðalagi laga nr. 50/2020. Launagreiðslur til eiganda stefnanda og dætra hans falli undir 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987 og geti því ekki verið grundvöllur stuðnings samkvæmt lögum nr. 50/2020.
- 26 Stefndi mótmælir þeim skilningi stefnanda að dætur eiganda stefnanda falli ekki undir hugtakið börn í skilningi 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987. Í lögum nr. 90/2003 sé greint á milli barna og barna innan við 16 ára aldur. Í 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987 sé fjallað um endurgjald manns, maka hans og barns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Í því ákvæði komi fram að vinni maður við eigin atvinnurekstur skuli hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildi um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunarábyrgðar. Á sama hátt

skuli reikna endurgjald fyrir starf sem innt er af hendi af maka manns eða barni hans sé starfið innt ef hendi fyrir framangreinda aðila.

- 27 Í 58. gr. laga nr. 90/2003 sé að finna nánari ákvæði um ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur. Í 1. mgr. laganna komi fram að endurgjald fyrir vinnu manns, sem reikna skal sér endurgjald samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skuli eigi vera lægra en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Sama gildi um endurgjald fyrir starf maka manns, barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, venslamanns hans eða nákomins ættingja.
- 28 Þá segi í 4. mgr. 58. gr. laganna að ákvæði 1. mgr. skuli gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafi ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.
- 29 Samkvæmt framangreindu sé ljóst að til launakostnaðar samkvæmt lögum nr. 50/2020 teljist ekki endurgjald samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 vegna vinnu manns, maka hans og barns við eigin atvinnurekstur eða atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar eða er tengdur fjölskylduböndum. Enda falli slíkur launakostnaður undir 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987 og þar af leiðandi falli launakostnaður dætra eiganda stefnanda utan gildissviðs laga nr. 50/2020.
- 30 Stefndi mótmælir því að brotið hafi verið gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga eða eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- 31 Lög nr. 50/2020 feli í sér sértækt og tímabundið ívilnandi úrræði fyrir atvinnurekendur sem höfðu orðið fyrir verulegum tekjusamdrætti á tímum faraldursins. Markmið laganna hafi verið að draga úr líkum á fjöldagjaldþrotum fyrirtækja og fyrirtækjum sem uppfylltu tiltekin skilyrði hafi verið veitt tímabundið stuðningsúrræði, sem staðið hafi öllum atvinnurekendum til boða sem uppfylltu skilyrði laganna. Úrræðið hafi verið almennt í eðli sínu og ekki falið í sér mismunun. Engin mismunun sé fólgin í framkvæmd laganna ekki frekar en mismunun sé fólgin í ákvæðum laga nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa, sbr. 10. gr. þeirra laga.
- 32 Stefnandi hafi aldrei átt eignarréttarvarinn rétt til ívilnandi styrkveitingar úr ríkissjóði vegna launa til eiganda síns eða dætra hans í samræmi við ákvæði laganna.
- 33 Stefndi mótmælir því að túlka eigi lög nr. 50/2020 rýmkandi lögskýringu. Lögin séu afdráttarlaus um að stuðningur samkvæmt lögnum taki einungis til launakostnaðar samkvæmt 1. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987. Hafi lög nr. 50/2020 átt að gilda um eigendur fyrirtækja, maka þeirra og börn sé ljóst að tilvísun í launakostnað sem fram kemur í 4. tölul. 3. gr. laganna hefði verið víðtækari og tiltekið einnig launakostnað samkvæmt 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987. Á móti rýmkandi lögskýringu mæli einnig að lögin hafi falið í sér ívilnandi úrræði.
- 34 Stefndi mótmælir því að brotið hafi verið gegn jafnræðisreglu EES-réttar, sbr. lög nr. 2/1993. Bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs komi fram í 4. gr. EES-samningsins þar sem segi að hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs sé bönnuð á gildissviði samningsins nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans. Í því felist að bæði sé bannað að mismuna eða meðhöndla aðila í sömu stöðu á mismunandi hátt án gilda efnisraka og jafnframt bannað að afgreiða ósambærileg mál með sama hætti án gilda efnisraka. Enga mismunun sé að finna í ákvæðum laga nr. 50/2020 né í framkvæmd þeirra laga. Ákvæðin séu almenn og feli í sér tímabundna og sértæka íhlutun fyrir fyrirtæki sem uppfylla skilyrði laganna til að

fá styrk úr ríkissjóði og óháð ríkisfangi launþega þeirra. Lög þessi eigi jafnt við um alla sem eru skyldir meirihlutaeiganda atvinnurekstrar algjörlega óháð þjóðerni starfsmanna eða þjóðerni eigenda. Þá sé því enn fremur mótmælt að í framkvæmd laganna felist óbein mismunun enda sé framkvæmdin á engan hátt hindrun á fjórfrelsi EES-samningsins.

35 Þá mótmælir stefndi vaxtakröfu stefnanda, einkum upphafstíma dráttarvaxta.

Niðurstaða

- 36 Í máli þessu er í grunninn deilt um hvernig skilja beri hugtökin launamaður og launakostnaður í lögum nr. 50/2020 um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Stefndi byggir á því að dætur eiganda stefnanda hafi verið launamenn í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 50/2020 og með jafna stöðu á við aðra launþega sem þar störfuðu. Launakostnaður vegna þeirra sé styrkhæfur samkvæmt lögnum. Stefndi telur aftur á móti að laun dætra eiganda stefnanda falli undir síðast greint ákvæði og geti því ekki orðið grundvöllur stuðnings samkvæmt 6. gr. laga nr. 50/2020. Ekki er ágreiningur með aðilum um að önnur skilyrði laga nr. 50/2020 fyrir stuðningi hafi verið uppfyllt er stefnanda var ákvarðaður stuðningur á grundvelli laganna.
- 37 Í 3. tölul. 3. gr. laganna segir að launamaður sé hver sá sem vinnur launað starf í annarra þjónustu samkvæmt ráðningarsamningi. Samkvæmt framlögðum launaseðlum voru Lilju Kareni og Unni Maríu greidd laun mánaðarlega, eins og hverjum öðrum starfsmönnum. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að þær hafi starfað sem launamenn hjá stefnanda í skilningi ákvæðisins. Gera lög in í þessum efnunum engan greinarmun á því hvort launamaður sem starfar í annarra þjónustu sé skyldur ráðandi aðila í viðkomandi fyrirtæki eður ei.
- 38 Í 4. tölul. 3. gr. laganna segir að til launakostnaðar teljist hvers konar laun og aðrar þóknarir samkvæmt 1. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, ásamt iðgjaldi í lífeyrissjóð, að hámarki 11,6% af iðgjaldsstofni skv. 3. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, og allt að 2% af iðgjaldsstofni samkvæmt gildandi samningi um viðbótartryggingavernd, sbr. 2. og 9. gr. sömu laga. Um efnislega skilgreiningu á hugtakinu launakostnaður er þannig vísað til 1. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987.
- 39 Í tilvitnuðu ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, segir að til launa samkvæmt lögnum teljist „*Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, dagpeningar, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli galdið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.*“ Samkvæmt orðanna hljóðan er enginn vafi á því að laun Lilju Karenar og Unnar Maríu voru *endurgjald fyrir starf sem innt var af hendi fyrir annan aðila.*
- 40 Stefndi byggir hins vegar á því að ákvæði 2. tölul. 5. gr. laga nr. 25/1987, sem ekki er vísað til í lögum nr. 50/2020, beri að skilja á þann veg að launagreiðslur til barna, hvort heldur ófjárráða eða fjárráða, geti aldrei fallið undir laun samkvæmt 1. tölul. 5. gr. laganna. Slíkar greiðslur geti einungis fallið undir 2. tölul. 5. gr. sem mælir fyrir um að til launa teljist ennfremur „*Endurgjald manns, maka hans og barns vegna vinnu við*

eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá lögaðila skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.“

- 41 Að mati dómsins verður ekki fallist á framangreindan skilning stefnda. Tilgangur 2. tölul. 5. gr. laga nr. 25/1987 er fyrst og fremst sá að taka af vafa um að reiknað endurgjald falli undir staðgreiðsluskyldu samkvæmt lögnum líkt og hefðbundin laun. Á sama hátt er tilvitnuðu ákvæði 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt ætlað að tryggja að menn sem starfa í þágu eigin rekstrar reikni sér eðlileg laun fyrir störfin sem skattlögð verði með sama hætti og önnur laun. Markmið þessara ákvæða er ekki að koma í veg fyrir að fyrirtæki greiði uppkomnum börnum ráðandi aðila laun með hefðbundnum hætti í skilningi 1. tölul. 5. gr. laga nr. 25/1987 og 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Þvert á móti er tilgangurinn að tryggja að launagreiðslum og skattlagningu vegna starfa þeirra sé hagað á sama veg og þegar um óskylda aðila er að ræða. Í þeim tilvikum þegar fyrirtæki greiðir laun fjárráða barna ráðandi aðila í samræmi við meginreglu 1. tölul. 5. gr. laga nr. 25/1987 og 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, eins og hver önnur laun, reynir ekki á ákvæði 2. tölul. 5. gr. laganna.
- 42 Ekki verður séð að nein efnisleg rök liggi til grundvallar þeim skilningi stefnda að túlka beri framangreind ákvæði á þann veg að þau útiloki að launagreiðslur til fjárráða dætra eiganda stefnanda falli undir 1. tölul. 5. gr. laga nr. 25/1987. Enga ráðagerð er heldur að finna um slíka aðgreiningu launa í lögskýringargögnum með lögum nr. 50/2020, en hafi það verið ætlun löggjafans hefði honum verið í lófa lagið að taka það fram berum orðum í lögnum eða hið minnsta í athugasemdum við frumvarp til laganna.
- 43 Skilningur stefnda fær heldur ekki stuðning af markmiðsákvæði 2. gr. laga nr. 50/2020 sem tiltekur að markmið laganna sé að tryggja réttindi launafólks og tryggja þeim atvinnurekendum stuðning sem horfa fram á umfangsmikið tekjutap vegna faraldurs kórónuveiru og aðgerða sem honum tengjast. Enginn greinarmunur er gerður á launþegum í lögnum eftir því hvort þeir eru nákomnir launagreiðanda eða ótengdir honum. Af lögskýringargögnum verður heldur ekki annað ráðið en að ætlun löggjafans hafi verið að tryggja hagsmuni allra launþega sem starfa í annarra þjónustu.
- 44 Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að umþrættur launakostnaður í málinu hafi verið styrkhæfur í skilningi laga nr. 50/2020 og verður samkvæmt því fallist á kröfur stefnanda. Hvað varðar vaxtakröfur stefnanda liggja ekki fyrir gögn um að hann hafi krafist endurgreiðslu fyrr en með birtingu stefnu í máli þessu. Tekur upphafsdagur dráttarvaxta mið af því, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 45 Í samræmi við málsúrslit verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem með hliðsjón af umfangi og efni málsins þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir.
- 46 Stefán Geir Þórisson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Jóhanna Katrín Magnúsdóttir lögmaður fyrir stefnda.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Endurákvörðun ríkisskattstjóra frá 15. nóvember 2021 samkvæmt 4. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 50/2020 um stuðning úr ríkissjóði vegna hluta launakostnaðar þeirra Lilju Karenar Steinþórsdóttur og Unnar Maríu Steinþórsdóttur á uppsagnarfresti þeirra hjá stefnanda, Hótel Keflavík ehf., er ógild. Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Hótel Keflavík ehf., 4.371.598 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 8. gr. laga nr. 150/2019 frá 2. desember 2021 til 9.

október 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 krónur í málskostnað.